

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á breytingu á staðfestu aðalskipulagi Selfoss.

Samkvæmt ósk bæjarstjórnar Selfoss hefur skipulagsstjórn hinn 3. maí 1989, fallist á og staðfest, sbr. 3. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964, þá breytingu á staðfestu aðalskipulagi Selfoss að lóðirnar nr. 1 og nr. 3 við Skólavelli verði stofnanasvæði í stað íbúðasvæðis.

*Félagsmálaráðuneytið, 12. maí 1989.*

F. h. r.

**Berglind Ásgeirsdóttir.**

*Hólfríður Snæbjörnsdóttir.*

5. maí 1989

Nr. 249

## AUGLÝSING

### um umferð á Ísafirði.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Ísafjarðar og samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð á Ísafirði, sbr. og auglýsingu um hámarkshraða á þjóðvegum nr. 250/1987:

#### I. KAFLI

##### Aðalbrautarréttur.

##### A. Aðalbrautir:

Eftirtaldir vegir og götur skulu vera aðalbrautir:

- |                                       |                      |
|---------------------------------------|----------------------|
| 1. Suðurgata.                         | 9. Holtabraut.       |
| 2. Aðalstræti frá Silfurtorgi.        | 10. Sundstræti.      |
| 3. Hafnarstræti.                      | 11. Fjarðarstræti.   |
| 4. Túngata.                           | 12. Hnífsdalsvegur.  |
| 5. Eyrargata.                         | 13. Ísafjarðarvegur. |
| 6. Seljalandsvegur.                   | 14. Hreggnasi.       |
| 7. Skutulsfjarðarbraut (61 Djúpvegur) | 15. Strandgata.      |
| 8. 61 Djúpvegur.                      | 16. Garðavegur.      |

##### B. Stöðvunarskylda:

Á eftirtöldum götum skal vera stöðvunarskylda:

- |  |   |
|--|---|
| 1. Austurvegi beggja vegna Hafnarstrætis.                          | 11. Við útakstur frá verslunar- og iðnaðarhverfi á Skeiði inn á Skutulsfjarðarbraut (61 Djúpveg). |
| 2. Pólgötu við Hafnarstræti.                                       | 12. Árholti við Skutulsfjarðarbraut (61 Djúpveg).   |
| 3. Mjallargötu við Hafnarstræti.                                   | 13. Bakkavegi við Ísafjarðarveg (61 Djúpveg).   |
| 4. Mánagötu við Fjarðarstræti.                                     | 14. Bakkavegi beggja vegna við Garðaveg.  |
| 5. Hrannargötu við Fjarðarstræti.                                  | 15. Skólavegi við Ísafjarðarveg (61 Djúpveg).   |
| 6. Sólgötu við Hafnarstræti.                                       | 16. Stekkjargötu við Hreggnasa (61 Djúpveg).  |
| 7. Skutulsfjarðarbraut við vinstri beygju inn á Hafnarstræti.      | 17. Hólavallagötu við Strandgötu (61 Djúpveg).  |
| 8. Túngötu við Hafnarstræti.                                       | 18. Heimabæjarstíg við Strandgötu (61 Djúpveg).   |
| 9. Eyrargötu beggja vegna Túngötu.                                 | 19. Við útakstur frá hesthúsum á Búdartúni inn á Strandgötu (61 Djúpveg).                         |
| 10. Hlíðarvegi, Seljalandsvegi og Urðarvegi á mótum þessara gatna. |   |